



## Dánartíðni og dánarorsakir 2019

[Tölulegar upplýsingar um dánartíðni og dánarorsakir](#) landsmanna voru nýverið uppfærðar og gefnar út á vef embættis landlæknis. Nýjustu tölur eru fyrir árið 2019. Eru tölurnar unnar upp úr dánar-meinaskrá sem er ein þeirra heilbrigðis-skráa sem landlæknir heldur, [lögum](#) samkvæmt. Byggir skráin á dánarvott-orðum þar sem tilgreindir eru sjúkdómar, áverkar og kringumstæður sem valdið hafa dauða einstaklinga með skráð lögheimili á Íslandi. Skráin er raf-ræn aftur til ársins 1971 en frá árinu 1996 hafa dánarorsakir verið skráðar samkvæmt 10. útgáfu alþjóðlegrar töl-fræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (ICD-10).

Á vef embættis landlæknis er m.a. að finna tölulegar upplýsingar um dánar-

mein samkvæmt [briggja stafa flokkun ICD-10](#), samkvæmt [evrópskum stuttlista](#) og [tíu völdum dánarorsökum](#). Þá er sér-staklega gerð grein fyrir [sjálfsvígum](#) og [lyfjatengdum andlátum](#) á vef landlæknis en það eru dánarorsakir sem jafnan fá mikla athygli fjölmiðla og almennings.

### Gagnvirk birting—Mortis

Samhliða hefðbundinni birtingu í excel-tölflum eru tölulegar upplýsingar um dánarorsakir nú einnig birtar með gagnvirkum og myndrænum hætti. Vefsíðan sem heldur utan um þessa tölfræði hefur fengið heitið [Mortis](#) sem er dregið af nafnorðinu „mors“ úr latínu sem þýðir dauði. Viðskeytið „is“ stendur fyrir Ísland en ein beyging latneska nafnorðsins er líka „mortis“. Á vefsíðunni [Mortis](#) er tíðni dánarorsaka birt sam-

kvæmt flokkun 65 atriða útgáfu evrópska stuttlistans, *European Shortlist for Causes of Death*. Þar er hægt að skoða þróun yfir tíma og greina tölur eftir kyni og aldri.

### Heildardánartíðni

Árið 2019 létust 2.269 einstaklingar með lögheimili á Íslandi, 1.155 karlar og 1.114 konur. Heildardánartíðni árið 2019 var 629,3 látnir á hverja 100.000 íbúa, 624,7 hjá körlum og 634,1 hjá konum.


### Aldurstöðluð dánartíðni

Aldurstöðluð dánartíðni er gjarnan reiknuð þar sem aldur er bæði ná-tengdur dánartíðni og tíðni einstakra dánarorsaka innan þýðis. Sá mælikvarði er notaður þegar gera þarf samanburð yfir tíma eða milli hópa (t.d. landa eða svæða) þar sem aldurs-samsetning kann að vera mismunandi. Í birtri tölfræði embættis landlæknis á völdum dánar-orsökum er dánartíðni aldurstöðluð á hverja 100.000 íbúa miðað við mann-fjöldann eins og hann var á Íslandi árið 2014. Dánartíðni sem hefur verið stöðluð á þennan hátt leiðréttir þann mun sem tilkominn er vegna ólíkrar aldurs-samsetningar frá einum tíma til annars.

Aldurstöðluð dánartíðni hefur farið lækkandi á Íslandi frá árinu 1996, bæði hjá körlum og konum (mynd 1). Hefur heildardánartíðni karla lækkað um tæp-

### Fjöldi látinna á 100.000 íbúa eftir yfirflokkum dánarorsaka

Hægt er að breyta mynd með því að velja eitt eða fleiri atriði (í gefnum síum (lym og aldur).  
Einnig er hægt að smella á viðeigandi dánarorsakir í töflu (halda þarf inni Ctrl á lyklaborðinu til að taka saman fleiri en einn flokk).



Dánarorsakir eru flokkaðar samkvæmt 65 atriða útgáfu evrópska stuttlistans, *European Shortlist for Causes of Death*, sem gefinn er út af Eurostat.

Efni:

Dánartíðni og dánarorsakir 2019

bls.

1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.  
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími 510 1900  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is



14. árgangur. 4. tölublað. Júní 2020

lega 36% síðan 1996 og kvenna um tæplega 27%. Stærstan hluta þessarar lækkanunar má rekja til stóru sjúkdómflokkanna, illkynja æxla og hjartasjúkdóma.


### Illkynja æxli og hjartasjúkdómur

Ef tekið er mið af þeim tíu völdu dánarorsökum sem sérstaklega er gerð grein fyrir á vef landlæknis þá létust flestir árið 2019 vegna illkynja æxla (ICD-10 kóðar: C00-C97) og hjartasjúkdóma (ICD-10 kóðar: I00-I09, I11, I13, I20-I25, I30-I33, I39-I52). Þannig hefur það verið um árabíl.


Árið 2019 var aldursstöðluð dánartíðni karla á 100.000 íbúa hæst í flokki illkynja æxla (195,8) en þar á eftir kom dánartíðni vegna hjartasjúkdóma (163,9). Undanfarna áratugi hefur orðið viðsnúningur á þessu því aldursstöðluð dánartíðni karla var lengi vel hæst í flokki hjartasjúkdóma en næsthæst í flokki illkynja æxla (mynd 2).

Eins og hjá körlum var aldursstöðluð dánartíðni kvenna á 100.000 íbúa hæst í flokki illkynja æxla (150,3) og næsthæst í flokki hjartasjúkdóma (101,0). Illkynja æxli hafa um langt skeið verið algengasta dánarorsök kvenna á Íslandi.

Þrátt fyrir að illkynja æxli séu algengasta dánarorsök landsmanna þá hefur aldursstöðluð dánartíðni vegna þeirra lækkað nokkuð frá árinu 1996. Er dánartíðnin heldur hærrí meðal karla en kvenna en tíðnin hefur hins vegar lækkað meira hjá körlum heldur en konum undanfarna áratugi (mynd 2). Flestir karlmenn sem létust vegna krabbameina árið 2019, dóu vegna illkynja æxlis í blöðruhálskirtli og vegna illkynja æxlis í barkakýli, barka, berkju og lunga. Andlát flestra kvenna sem létust vegna krabbameina árið 2019 má rekja til illkynja æxlis í barkakýli, barka, berkju og lunga og til illkynja æxlis í



Mynd 1. Aldursstöðluð dánartíðni á 100.000 íbúa, 1996-2019.



Mynd 2. Aldursstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna illkynja æxla og hjartasjúkdóma, 1996-2019.

brjósti. Frekari upplýsingar um tölfræði krabbameina á Íslandi og dánartíðni vegna þeirra er að finna á vef [Krabba-meinsfélagsins](#).

Að jafnaði deyja fleiri karlmenn af völdum hjartasjúkdóma heldur en konur (mynd 2). Aldursstöðluð dánartíðni hjartasjúkdóma hefur þó lækkað verulega frá árinu 1996 og á það bæði við um karla og konur. Meðal karla hefur aldursstöðluð dánartíðni vegna þessara sjúkdóma lækkað um tæplega 54% frá

árinu 1996 en um tæplega 41% hjá konum á sama tímabili. Þessi jákvæða þróun síðustu áratuga skýrist að miklu leyti af [breyttum og bættum lífsstíl en þó einnig af framförum í læknisfræðilegri meðferð](#). Á hitt ber að líta að á síðustu árum hefur orðið [veruleg aukning á offitu og sykursýki af tegund II](#) á Íslandi. Það, ásamt hækkandi meðalaldri þjóðarinnar, getur orðið til þess að verulega muni hægja á þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við hjartasjúkdóma.



14. árgangur. 4. tölublað. Júní 2020

### Alzheimers sjúkdómur

Talsverð breyting hefur orðið á fjölda þeirra sem látast af völdum Alzheimers sjúkdómsins (ICD-10 kóði; G30) hér á landi undanfarna áratugi (mynd 3). Þannig var aldurstöðluð dánartíðni sjúkdómsins 47,9 á hverja 100.000 íbúa árið 2019, áratug fyrr var tíðnin 35,5 og fyrir tuttugu árum var aldurstöðluð dánartíðni Alzheimers sjúkdómsins 12,4 á hverja 100.000 íbúa. Hefur þessi breyting náð til beggja kynja en samþæringlega aukningu í dánartíðni af völdum Alzheimers má jafnframt sjá hjá öðrum þjóðum. Breytinguna má að einhverju leyti skýra með breytingum á skráningu dauðsfalla en hækkandi lífaldur landsmanna hefur án efa einnig áhrif enda eykst tíðni sjúkdómsins með hækkandi aldri.


### Aldursbundin dánartíðni

Dreifing dánarorsaka er að öllu jöfnu talsvert breytileg eftir aldri (mynd 4). Síðastliðinn áratug mátti til að mynda rekja um þriðjung andláta í yngsta aldurshópnum (0-19 ára) til ýmissa ytri orsaka svo sem slysa og sjálfsvíga. Á sama árabili var hlutfall ytri orsaka enn hærra í aldurshópnum 20-39 ára, eða tæplega 58%. Í því samhengi ber þó að hafa í huga að hlutfallslega færri deyja í þessum yngstu aldurshópnum. Þannig voru innan við 3,5% þeirra sem létust á árunum 2010-2019 undir fertugu.


Síðastliðinn áratug voru illkynja æxli algengasta dánarmeín fólks á aldrinum 40-69 ára (47%) en ríflega 18% andláta í þessum aldurshópi mátti rekja til sjúkdóma í hjarta- og heilaæðum. Þá lést um þriðjungur fólks 70 ára og eldri vegna hjarta- og æðasjúkdóma á fyrrnefndu tíu ára tímabili, fjórðungur vegna illkynja æxla og ríflega 8% vegna Alzheimers sjúkdómsins.

### Krufningar og krufningatíðni

[Krufningum](#) hér á landi hefur fækkað



Mynd 3. Aldurstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna Alzheimers sjúkdómsins, 1996-2019.



Mynd 4. Tíu valdar dánarorsakir eftir aldurshópnum, 2010-2019.

lítið eitt undanfarin fimmtán ár sem hefur leitt til lækkunar á krufningatíðni, þ.e. hlutfalli krufninga af öllum andlátum (mynd 5). Árið 2019 voru framkvæmdar 209 krufningar á látnum einstaklingum með lögheimili á Íslandi við andlát, 151 á körlum og 58 á konum.

Krufningatíðni réttarkrufninga hefur lítið breyst á fyrrnefndu tímabili en slík krufning fer að öllu jöfnu fram að frumkvæði lögreglu ef vettvangsrannsókn sýnir að dauðsfall megi rekja til refsí-

verðrar háttsemi eða þegar ekki er hægt að ákvarða dánarorsök. Árið 2019 var hlutfall réttarkrufninga af heildarfjölda andláta 7,9%. Var hlutfall réttarkrufninga nokkru hærra hjá körlum (11,6%) heldur en hjá konum (4,1%).

Dregið hefur úr læknisfræðilegum krufningum undanfarna áratugi en hlutfall þeirra árið 2019 var 1,3% af heildarfjölda andláta. Lítil munur er á hlutfalli læknisfræðilegra krufninga eftir því hvort karlar (1,5%) eða konur (1,1%) eiga í hlut. Framkvæma má krufningu í




14. árgangur. 4. tölublað. Júní 2020

læknisfræðilegum tilgangi hafi hinn látni veitt til þess heimild fyrir andlátíð en nánasti aðstandandi getur þó einnig samþykkt krufningu, þyki sannað að það sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.

### Andlát útlendinga á Íslandi

Embætti landlæknis berast dánarvottorð allra einstaklinga sem látast á Íslandi, sem og einstaklinga sem látast erlendis og eru með lögheimili á Íslandi.

Upplýsingar af dánarvottorðum einstaklinga með erlent lögheimili hafa til þessa ekki verið skráðar jöfnum höndum í rafrænan gagnagrunn og því ekki verið aðgengilegar til birtingar. Sú breyting hefur nú orðið á verklagi að upplýsingar af þessum vottorðum eru nú skráðar samhliða öðrum dánarvottorðum og stendur yfir vinna við að skrá upplýsingar aftur í tímann. Innan tíðar verður því unnt að gera grein fyrir andlátum einstaklinga sem létust á Íslandi en áttu ekki lögheimili í landinu við andlát.



Mynd 5. Krufningatíðni, 2003-2019.

### Tölfræði uppfærð árlega

Tölfræði um dánarorsakir er birt árlega, að öllu jöfnu á vormánuðum, eftir að skráningu og kóðun vottorða undan-gengins árs er lokið auk viðeigandi gæðaprófana. Birt efni má nálgast á [vef embættis landlæknis](#).

*Hildur Björk Sigbjörnsdóttir  
Jón Óskar Guðlaugsson*